

**Flugvöllur** Vilja frekari rannsóknir.

## Áhrif byggðar verði rannsökuð frekar

**Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur í dag, að farið verði í ítarlegri rannsóknir á áhrifum nýrrar byggðar í Skerjafirði á flug- og rekstraröryggi Reykjavíkurflugvallar.**

**Er í tillögunni vísað í niðurstöður nýútkominnar skýrslu þar sem séu ábendingar um margvíslegar ítarlegar rannsóknir sem fram þyrftu að fara til að fá gleggri mynd af áhrifum viðbótarbyggðar á flug- og rekstraröryggi vallarins. Í lokaorðum skýrslunnar segi skýrsluhöfundar að þeim hafi ekki gefist tími til að vinna annað meginverkefni sitt, að gera flugfræðilega rannsókn og því sé nauðsynlegt að slík rannsókn verði unnin á fullnægjandi hátt.**

**Í greinargerð með tillögunni er einnig vísað til ályktunar öryggisnefndar Félags íslenskra atvinnuflugmanna þar sem bent er á nauðsyn þess að meta áhrif byggðar á vindafar og brautarskilyrði.**

# Förgun minnki smithættu

## ● Margt bendir til fuglaflensu ● Úrræðaleysi varðandi förgun dýrahræja

Snædís Björnsdóttir
snaedis@mbl.is

Ekki er nógu vel staðið að förgun dauðra villtra fugla að mati Einars Þorleifssonar, náttúrufræðings við Náttúrustofu Norðurlands vestra. Með förgun megi koma í veg fyrir útbreiðslu fuglaflensu og annarra smitsjúkdóma.



Einar Þorleifsson

Matvælastofnun tilkynnti í síðustu viku að skæð fuglaflensa hefði greinst í stokkönd sem fannst í húsagarði í Garðabæ í lok mars. Þetta er fyrsta greining á skæðri fuglaflensu í ár og hafa þær ekki verið fleiri hingað til. Þó hefur fjöldi tilkynninga borist um veikar og dauðar ritur á Seltjarnarnesi, Reykjanesi og í Keflavík.



Morgunblaðið/Ómar Óskarsson

**Stokkendur** Fuglaflensa greindist í stokkönd í lok mars. Tilkynningar hafa borist um dauðar ritur á Seltjarnesi.

### Ástandið slæmt í fyrra

Einar segir nauðsynlegt að farga dauðum fuglum svo að sýking berist ekki áfram til fleiri fuglategunda, líkt og gerðist í fyrra. Þá var ástandið sérlega slæmt, segir Einar, þegar súlur, helsingjar og álftir drápust í stórum stíl en ýmsir aðrir fuglar, svo sem mávar, hrafnar, kjóar, skúmar, ernir og fálkar – og einnig tófur – lögðust á hræin. Ernir, fálkar og fjöldi skúma drápust í kjölfarið og breiddu sjúkdóminn út enn frekar.

Nú virðist sambærileg staða geta komið upp. Einar telur kríur og æðarfugla, auk ritunnar, sérstaklega vera í hættu.

Dauða og veika fugla ber að tilkynna til þess sveitarfélags sem þeir finnast í hverju sinni. Ef um stakan dauðan fugl er að ræða er sjaldan brýnt tilefni til förgunar, segir Einar. Annað gildir þegar um fjöldadauða og grun um sýkingu ræðir.

Birgitte Brugger, sérgreinadýralæknir alifugla hjá Matvælastofnun, staðfestir að margt bendi til fuglaflensu, en hún breiðist yfirleitt út á þessum árstíma. „Við erum að rannsaka hvað þetta er og ef það er ekki fuglaflensa þá viljum við geta útilokað það alveg.“

Hún segir ástandið í fyrra hafa komið aftan að þeim og verið sé að skoða núverandi stöðu. „En þetta er víðtækt mál sem aðrar stofnanir verða að hafa aðkomu að.“ Óvissa ríkir í kringum málaflokkinn, segir Birgitte. „Þetta snýst um verndun villtra dýra og dýra á válista og það er ekki alltaf skýrt hvar sá málaflokkur fellur.“

Þá sé viðvarandi úrræðaleysi varðandi förgun dýrahræja á landinu. Einnig skorti viðunandi aðstöðu til förgunar, en á landinu er einungis ein brennslustöð sem tekur við dýrahræjum. Hún er á Suðurnesjum og flytja þarf öll dýrahræ þangað til að brenna þau. Birgitte segir þetta allt vera til skoðunar eins og stendur.

Matvælastofnun hefur biðlað til almennings að upplýsa stofnunina um veika og dauða fugla.


# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. maí 2023, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. maí 2023 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. maí 2023, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.
Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er 13 þúsund kr. fyrir hvert fjárnám. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.
Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. maí 2023.

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum




Ljósmynd/SR

**Skotveiði** Skotæfingum í Álfsnesi verður nú hætt og kemur það sér illa fyrir veiðimenn sem eru ýmist að taka skotvopnapróf eða á leið til heiða.

# Skotvellinum í Álfsnesi lokað

## ● Hreindýratímabilið hefst í júlí

**„Þetta er skelfileg staða. Það er verið að strangtúlka orðalag í reglugerð og gengur þvert á verklag sem hefur verið viðhaft,“ segir Áki Ármann Jónsson formaður Skotvíss um ákvörðun úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála um að afturkalla starfsleyfi til reksturs skotvallar í Álfsnesi. Heibrigðiseftirlit Reykjavíkur heimilaði Skotfélagi Reykjavíkur í janúar á þessu ári að reka völlinn eins og gert hefur verið í á annan áratug. Mikill styr hefur staðið um völlinn sem hefur ítrekað verið lokað eftir kærumál en svo opnaður á ný. Skotveiðimenn þurfa leita á nýjar lendur verði starfsleyfi til rekstursins ekki endurnýjað.**

**Skotvís er félag sem var stofnað til að stuðla að sameiningu skotveiðimanna og áhugamanna um skotveiðar og náttúruvernd ásamt því að standa vörð um hagsmuni þeirra. Skotvís á ekki beina aðild að málinu en lokunin skiptir þó skotveiðimenn miklu máli hvar í flokki sem þeir standa. Heilbrigðiseftirlitið óskaði eftir endurupptöku málsins og lagði til að starfsleyfi yrði veitt á ný.**

**Áki bendir á að Reykjavíkurborg, ríkið, Skipulagsstofnun og Heilbrigðiseftirlitið hafi öll verið sammála um að skotvöllurinn mætti vera þarna tímabundið áfram. „Síðan er bara einhver nefnd sem túlkar reglugerðina eins og hún sé Kóraninn.“ Verklagið við veitingu starfsleyfis vallarins hafi verið viðhaft mjög víða. Það þurfi því að fella mörg starfsleyfi úr gildi ef þessari nálgun verði beitt á aðra starfsemi.**

**Formaður Skotvíss segir að margt hafi verið gert til að minnka umhverfisáhrif skotvallarins, hljóðmælingar hafi t.d reynst undir öllum mörkum og hávaði af skotæfingum hafi verið minni en frá nálægri umferð. Þá hafi blýbanni verið komið á. Ákvörðunin um lokunina hitti ekki í mark hjá skotveiðimönnum. „Þetta er skelfileg tímasetning, hreindýratímabilið hefst í júlí og æfingar fyrir lögbundin skotvopnámskeið falla niður.“**

*hordur@mbl.is*